

2. gr.

Gjaldskrá þess, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 573/1999 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

Suðurnesjum, 8. maí 2003.

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum,

Magnús H. Guðjónsson,

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 552/1996, um öryggisráðstafanir við jarðefnanám.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. 2. mgr. orðast svo: Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað áður en vinna hefst. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd. Skal hún endurskoðuð þegar breytingar í vinnuumhverfi breyta forsendum hennar. Að öðru leyti skulu ákvæði 65.–66. gr. a laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum, gilda um gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
- b. Í stað orðanna „öryggis- og heilsuskjali“ í 3. mgr. kemur: áætlun um öryggi og heilbrigði.

2. gr.

Í stað orðanna „öryggis- og heilsuskjalinu“ í liðum 1.3, 1.8, 4.1.1, og 4.4.1 A-hluta I. viðauka, liðum 1.1 og 2.1 B-hluta I. viðauka og liðum 1.1 og 8.3 C-hluta I. viðauka við reglurnar kemur: áætlun um öryggi og heilbrigði.

3. gr.

Liður 15.7.1 A-hluta I. viðauka við reglurnar orðast svo:

Meðan á vinnu stendur skal hitastig í vinnurými vera hæfilegt fólki að teknu tilliti til þeirra vinnuaðferða sem beitt er og líkamlegs álags starfsmanna.

4. gr.

Í stað orðanna „Öryggis- og heilsuskjalið skal uppfært“ í lið 1.2 B-hluta I. viðauka og lið 1.2 C-hluta I. viðauka við reglurnar kemur: Áætlun um öryggi og heilbrigði skal uppfærð.

5. gr.

Í stað orðanna „öryggis- og heilsuskjalið“ í lið 1.2 og 9.1 C-hluta I. viðauka við reglurnar kemur: áætlun um öryggi og heilbrigði.

6. gr.

Við 8. kafla C-hluta I. viðauka við reglurnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
Varaloftræsting skal vera bundin við þróunar- og björgunarstörf og við staði sem eru í beinu sambandi við aðalloftræstinguna.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum, til innleiðingar á tilskipun nr. 92/104/EB, um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, sem vísað er til í 16. lið f XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 7/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. maí 2003.

Páll Pétursson.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps er heimilt, í samræmi við 5. gr. samþykktar frá 11. febrúar 2003 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu), að leggja á sérstakt gjald vegna sorphreinsunar og eyðingar sorps í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

	kr.
Sorpgjald A Íbúðarhús	5.000
Sorpgjald B Sumarhús, fullgerð eða í byggingu skv. skrá FMR	5.000
Sorpgjald C Fyirtæki eða annar atvinnurekstur	50.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps, 11. febrúar 2003.

F.h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps, 11. febrúar 2003.

Hallfreður Vilhjálmsson oddviti.